

Frístundamiðstöðin Ársel

Starfsáætlun 2020-2021

Þar sem allir skipta máli og geta verið þeir sjálfir



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit:

Inngangur	3
Skipurit Ársels	4
Hlutverk Ársels	5
Meginmarkmið / Leiðarljós Ársels	5
Gildi Ársels	5
Stutt greinargerð framkvæmdastjóra um starfið á síðasta ári	6
Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar	8
Áskoranir, markmið og aðgerðir	10
Þróunarverkefni og áherslur starfsársins	21
Samstarf	22
Jafnréttisáætlun	23

Inngangur

Frístundamiðstöðvar leggja áherslu á að börnum og unglingum standi til boða frístundastarf sem tekur mið af því að koma til móts við þarfir ólíkra einstaklinga, stuðla að alhliða þroska þeirra og búa þá undir virka þátttöku í lýðræðissamfélagi sem tekur örum breytingum. Framtíðarsýn skóla- og frístundasviðs er að gefa börnum og ungmennum rík tækifæri til að rækta hæfileika sína og blómstra í leik, námi, starfi og lífinu almennt. Starf á vegum frístundamiðstöðva er í kjarnanum forvarnarstarf þar sem unnið er með viðhorf og atferli barna og unglinga í átt til heilbrigðs lífsstíls og virkni í samfélaginu.

Ársel frístundamiðstöð leggur megin áherslu á að starfsemin endurspeglir yfirskrift starfsstaðanna „**þar sem allir skipta máli og geta verið þeir sjálfir**“. Ársel frístundamiðstöð þjónustar íbúa í Árbæ, Grafarholti, Norðlingaholti og Úlfarsárdal. Ársel býður börnum og unglingum í borgarhlutanum upp á fjölbreytt félags- og tómstundastarf þar sem áhersla er lögð á forvarnir og að beina þeim inn á braut heilbrigðs lífsstíls.

Starfsstöðvar sem heyra undir frístundamiðstöðina Ársel eru frístundaheimili og félagsmiðstöðvar staðsettar víðsvegar í borgarhlutanum. Frístundaheimilin Fjosið og Stjörnuland í Grafarholti, Töfrasel og Víðisel í Árbæ. Félagsmiðstöðvarnar eru Fókus í Grafarholti og Úlfarsárdal, Holtið í Norðlingaholti og Tían í Árbæ. Ártúnsskóli, Dalskóli og Norðlingaskóli sjá um rekstur frístundaheimila og er hlutverk Ársels að þjónustu skólana samkvæmt samstarfssamningi. Samstarfið tekur bæði á rekstrar- og fagráðgjöf. Auk þess er frístundamiðstöðin Ársel í samstarfi við stofnanir félög og félagasamtök í Árbæ, Grafarholti og Norðlingaholti um ýmsar hátíðir, viðburði og verkefni í hverfunum. Íbúafjöldi á þjónustuvæði Ársels var 19.148 skv. gögnum skóla- og frístundasviðs.


Starfsáætlanir frístundamiðstöðvanna 2020-2021 eru unnar út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 og Stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025. Einnig er tekið mið af lögum og reglugerðum, upplýsingum um þátttöku í starfinu, niðurstöðum kannana um starfið og rannsóknum á stöðu barna og unglinga í hverfinu. Starfsáætlunin tekur gildi 1. september 2020 og gildir til 31. ágúst 2021.

Stjórnendateymi Ársels er skipað Árna Jónssyni framkvæmdastjóra, Ragnari Tryggvi Snorrason fjármálastjóra, Elísabetu Þóru Albertsdóttur deildarstjóra barnastarfs og Sigurbjörgu Kristjánsdóttur deildarstjóra unglingastarfs. Heildarfjöldi starfsmanna er um 107 manns í 64 stöðugildum.

Starfsstaðir frístundamiðstöðvarinnar gera sínar aðgerðaráætlanir en þær eru aðgengilegar á heimasíðum starfsstaða. Helstu áherslur í starfi frístundamiðstöðvarinnar á starfsárinu 2020-2021 er vinna í barna og unglingastarfi með fjölbreyttum leiðum í vináttufærni og áfram starfar frístundamiðstöðin markvisst með lýðræði barna og unglinga. Efla þarf starfsumhverfi fagstéttarinnar en þar þarf að hlúa sérstaklega að bættri aðstöðu hvort heldur sem það er húsnæði eða tæki.



Skipurit Ársels



Hlutverk Ársels

Ársel starfar eftir Starfsskrá frístundamiðstöðva SFS en þar er hlutverk frístundamiðstöðva rammað inn með leiðarljósi, uppeldisgildi og lykilfærni í frístundastarfi.

Meginmarkmið eða leiðarljós starfsstaða Ársels er „*þar sem allir skipta máli og geta verið þeir sjálfir*“ en það birtist í aðgerðaráætlun starfsstaða.

Frístundamiðstöðin Ársel vinnur að því að öllum börnum og unglingum og fjölskyldum þeirra standi til boða innihaldsríkt frístundastarf. Unnið er markvisst að því að starfið sé innihaldsríkt þar sem reynt er að auka félagsfærni og lýðræðislega virkni hvers og eins og að forvarnarstarf sé samofið öllu starfi með börnum og unglingum. Frístundaheimili og félagsmiðstöðvar standa fyrir stærsta hluta þess starfs.

Meginmarkmið / Leiðarljós Ársels

„Þar sem allir skipta máli og geta verið þeir sjálfir.“

Gildi Ársels

Megin gildi Ársels fyrir starfsveturinn 2020 – 2021 eftirfarandi:

- Fjölbreytileiki
- Samvinna
- Virðing

Hver og ein starfsstöð Ársels hefur gildin að leiðarljósi og vinnur á skapandi og lifandi hátt með þau.



Stutt greinargerð framkvæmdastjóra um starfið á síðasta ári

Starfsárið 2019 – 2020 var viðburðaríkt ár með fjölmörgum áskorunum. Frístundamiðstöðin Ársel lagði áherslu á fræðslustarf fyrir starfsfólk og stjórnendur sem hafði það að markmiði að efla enn frekar liðsheild og auka gæði í fagstarfi.

Meðal fyrirlesara á liðnum vetri var Pálmar Ragnarsson þjálfari í körfuknattleik, umfjöllunarefnið var jákvæð samskipti. Ársel var í samstarfi við Einhverfusamtökin vegna fræðslu um einhverfu með sérstöku tilliti til kvenna en allir starfsmenn Ársels sáu myndina „Að sjá hið ósýnilega“ og tóku þátt í umræðum með framkvæmdastjóra Einhverfusamtakana og tveim einstaklingum sem komu fram í myndinni. Í fræðslustarfi stjórnenda var áfram leitað í innviði Reykjavíkurborgar en meðal fyrirlesara voru Dagbjört Ásbjörnsdóttir verkefnistjóri á fagskrifstofu SFS sem fjallaði um Menningarnæmni og Hákon Sigursteinsson framkvæmdastjóri Barnaverndarnefndar Reykjavíkur sem fjallaði um nýtt skipulag. Fræðsla og stjórnendaráðgjöf Manino hélt áfram með stjórnendum og lykilstarfsfólki haustið 2019 og er enn verið að þróa mjög gott samstarf sem snýst fyrst og fremst um betri nýtingu tíma með skilvirkum fundum og góðu skipulagi. Markmið með fræðslunni og einstaklingsþjálfuninni var að innleiða stjórnendahætti sem felast í straumlínustjórnun (e. Lean management) og gefa stjórnendum hagnýt tæki til stjórnunar. Til að koma hugmyndafræðinni í framkvæmd var lögð áhersla á einkaþjálfun stjórnendaráðgjafa Manino fyrir þátttakendur á námskeiði. Markmiðið með einkaþjálfuninni var að festa þekkinguna í sessi.

Húsnæðismál voru fyrirferðarmikil á árinu en þröngur kostur nokkurra frístundaheimila og félagsmiðstöðva setur skorður fyrir þróun starfseminnar. Vinna hefur verið umtalsverð vegna úrbóta á aðstöðu Ársels en þar hafa loftgæði valdið starfsmönnum óþægindum. Huga þarf áfram að úrbótum þegar kemur að aðstöðu barna og unglinga í Grafarholti en hluti af starfsemi Stjórnulands er í óviðunandi húsnæði í lausum skólastofum. Bætt hefur verið við aðstöðu unglinga við Sæmundarskóla með einni lausri frístundastofu en bæta þarf við þá aðstöðu til að koma til móts við þarfir unglinga þar.

Trúnaðarmenn á starfsvetrinum eru Birna Daðadóttir Birnir og Katrín Einarsdóttir. Öryggistrúnaðarmenn eru þau Karen Ósk Ólafsdóttir og Sölvi Andrason.

Nokkuð var um heimsóknir hópa sem fengu kynningu á frístundastarfi Ársels og má nefna stóran hóp nemenda úr Tómtunda- og félagsmálafræði í Háskóla Íslands og sendinefnd frá Vantaa í Finnlandi.



Frístundaheimilin Fjósíð, Töfrasel, Víðisel og Stjörnuland standa fyrir góðu starfi sem tekur mið af ólíkum þörfum barna. Frístundaheimilin eru í mismiklum vexti. Unnið hefur verið að aldursskiptingu þar sem 1. – 2. bekkur og 3. – 4. bekkur takast á við áskoranir í frístundum við hæfi. Starfsstaðir eru misjafnlega búnir til að takast á við aldurstengdar áskoranir og getur það reynst flókið að fjölga enn í hópi barna sem vilja nýta sér frístundatilboð frístundaheimila og þá sérstaklega barna í 3. – 4. bekk vegna þrengsla þegar kemur að húsnæðismálum.

Félagsmiðstöðvastarf í Fókus, Holtinu og Tíunni gekk mjög vel starfsveturinn 2019 – 2020. Helstu áskoranir tengjast erfiðum húsakosti en rými Fókus og Tíunnar hafa illa náð að svara þeirri miklu eftirspurn sem er bæði hjá 5. – 7. bekk og 8. – 10. bekk en þar eru sannarlega tækifæri að gera betur í að bæta húsakost. Holtið býr við ágæt rými sem nýtist vel í frístundastarfi en tækifærin liggja í að fara í viðhald og endurbætur á aðstöðunni. Fjölgun starfsmanna vegna nýrra starfa tengt stuðning í unglingastarfi hefur eftir starfið enn frekar og stuðlað að fleiri tækifærum í þjónustu við unglinga.

Ársel var þátttakandi í átaksverkefnum í Reykjavíkurborg sumarið 2019 þar sem áherslan var á að hvetja íbúa á þjónustusvæðinu til að nýta sér nærumhverfið til upplifunar og eflingu félagsauðs. Tveir starfsmenn skipulögðu ýmsa skemmtilega viðburði í góðu samstarfi við félagsmiðstöðvar, frístundaheimili, skátana, Fylki, Frísbíggjólíð, GG-Sport og fleiri aðila. Verkefnin höfðu mjög jákvæð áhrif á hverfastemningu og voru íbúar almennt ánægðir með framtakið.

Í frístundamiðstöðinni hefur verið starfandi starfsmannafélag sem ber heitið Valdimar. Félagið stóð fyrir fjölmörgum viðburðum til að efla tengsl starfsmanna s.s. jólahlaðborð, leikjadagur, árshátíð, karaoki o.fl. Þeirra framlag er ómetanlegt þegar kemur að því að auka starfsmannaánægju.

Rekstur frístundamiðstöðvarinnar Ársels á árinu 2019 gekk vel og skilaði frístundamiðstöðin rekstrarafgangi að upphæð 3.658.000 kr. Samhliða því er verið að vinna að endurbótum á aðstöðumálum starfsmanna og barna með rekstrarafgangi frá árunum 2017 og 2018 að upphæð 5.734.000 kr.

Ársel er í öðru sæti yfir fyrirmyndarstofnanir Sameykis á árinu 2020 í flokki stærri stofnana sveitarfélaga. Það er Sameyki stéttarfélag sem stendur fyrir könnun með þátttöku 12.000 félagsmanna í opinberri þjónustu. Í könnuninni er spurt m.a. um starfsanda, sveigjanleika, starfsumhverfið, trúverðugleika stjórnanda, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, jafnrétti og stolt en þetta eru allt þættir sem skora nokkuð hátt hjá starfsfólki Ársels. Áskoranir í niðurstöðum könnunar snúa fyrst og fremst að aðstöðumálum og munu stjórnendur halda áfram að vinna að úrbótum.



Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Starfsmannakönnun	Reykjavíkurborg lagði fyrir könnun til allra starfsmanna.	Allir starfsmenn Reykjavíkurborgar.	Starfsánægja mælist 4,68 sem er góður árangur, tækifæri liggja í að bæta úr aðstöðu starfsmanna.
Viðhorfskönnun foreldra/ forráðamanna á frístundaheimilum Ársels	Spurningakönnun 2019	Foreldrar og forráðamenn	Foreldrar eru í langflestum tilvikum ánægðir með starfið en hluti foreldra metur það sem svo að erfitt geti reynst fyrir barn að eiga tækifæri á ró og næði.
Viðhorfskönnun foreldra/ forráðamanna á frístundaheimilum Ársels	Spurningakönnun 2019	Foreldrar og forráðamenn	Börnin upplifa öryggi í starfi frístundaheimilis en betur má gera í aðstöðumálum.
Viðhorfskönnun foreldra/ forráðamanna á frístundaheimilum Ársels	Spurningakönnun 2019	Foreldrar og forráðamenn	Börnum líður vel í starfinu en hluti af hópnum upplifir að það vanti meiri fjölbreytileika í starfið
Viðhorfskönnun foreldra/ forráðamanna í félagsmiðstöðvum Ársels	Spurningakönnun 2020	Foreldrar og forráðamenn	Börnum og unglingum líður almennt vel í starfi félagsmiðstöðva, tækifæri að gera það sýnilegra hvernig starfsmenn sýna börnum og unglingum áhuga.
Viðhorfskönnun foreldra/	Spurningakönnun 2020	Foreldrar og forráðamenn	Foreldrar eru almennt ánægðir með starf



forráðamanna í félagsmiðstöðvum Ársels			félagsmiðstöðvar en í könnun kemur fram óánægja þegar kemur að aðstöðumálum.
Rannsókn og greining	Spurningakönnun 2020	Unglingar 8. – 10. bekk	Meirihluti unglunga á þjónustusvæði er á ágætum stað en það eru viðvörunarljós sem loga þegar kemur að félagslegu taumhaldi s.s. útivistartími o.fl.
Rannsókn og greining	Spurningakönnun	Unglingar 8. – 10. bekk	Niðurstöður könnunar gefa til kynna að strákum líði almennt betur en stúlkum og er það nokkuð áhyggjuefni hvað stór hópur stúlkna upplifir sig einmana.
Fagumhverfi stjórnenda	Spurningakönnun til stjórnenda í byrjun árs 2019	Stjórnendur í frístundastarfi á Skóla- og frístundasviði	Yfir 90% stjórnenda eru mjög eða frekar ánægðir í starfi en það kemur jafnframt fram að vinnuálag sé viðvarandi mikið en þó sérstaklega janúar – mars og aftur ágúst – október. Ágúst og september skera sig sérstakleg út þegar kemur að álagi.
QlikSense - stjórnendaaðgangur	Mælikvarði veikinda	Starfsfólk	Almennt er Ársel undir veikindaviðmiðum en í yfirliti yfir veikindi á árinu er mikilvægt að huga að auknum veikindum á álagstímum.

Áskoranir, markmið og aðgerðir

1. Frístundastarfið							
Þættir	Áskoranir/ markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir	Viðmið um árangur
Látum draumana rætast	Fjölbreytileiki í starfi á frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum er mismunandi. Mikilvægt er að starfið endurspegli mikla fjölbreytni til að styðja þroska barna og unglinga.	Leggja mat á tilboð í starfi félagsmiðstöðva og frístundaheimila með tilliti til fjölbreytileika verkefna.	Deildarstjórar barna- og unglingastarfs.	Sept. 20	Maí 21	Yfirlit yfir dagskrá starfsstaða.	Samantekt gefi mynd af fjölbreytileika í starfinu og sýni fram á hvar þyrfti að auka fjölbreytileika í starfinu.
Látum Draumana rætast	Mennta- og frístundastefna SFS sé sýnileg almenningi og verði til kynningar í frétttaflutningi/upplýsinga-gjöf um starfsemina.	Gera stefnurnar aðgengilegar á heimasíðu og Facebook síðu frístundamiðstöðvar og reglulega vakin athygli á stefnunum.	Framkvæmdastjóri.	Okt. 20	Ágúst 21	Efni sýnilegt og fjöldi fréttta í september, janúar, maí sem tilgreininir stefnurnar.	Sýnileiki á heimasíðu og Facebook heimasíðu Ársels og í fréttum.



Félagsfærni og sjálfsefning	Lögð verði áhersla á að jafna stöðu barna og unglinga 5. – 10. bekk á þjónustusvæði Ársels þegar kemur að rafíþróttastarfi	Komið verði á fót rafíþróttastarfi á þjónustusvæði Fókus í Grafarholti og Úlfarsárdals	Framkvæmdas tjóri og forstöðumaður Fókus	Nóv. 20	Maí 21	Yfirlit yfir skipulagt starf rafíþróttar þ.e. fjöldi opnana og aðgengi.	Fjöldatölur og fjöldi klukkustunda pr. mánuð af skipulögðu starfi .
Félagsfærni	Fram kemur í könnunum Rannsókn og greiningar að hluti einstaklinga líður illa vegna félagslegrar stöðu.	Starfræktir verða hópar sem hafa það að megin markmiðið að efla félagsfærni: 9. bekkja klúbbur í Holtinu, Vinabönd, Rafíþróttastarf í öllum félagsmiðstöðvunum.	Forstöðumenn í Tíunni, Holtinu og Fókus.	Sept. 20	Maí 21	Skýrslur um klúbbastarf með fjöldatölum.	Tölur um þátttöku.
Sjálfsefning	Félagsmiðstöðvarstarf er kjörinn vettvangur til að vinna markvisst með að auka sjálfstraust unglinga.	Starfræktir verða hópar í félagsmiðstöðvum: Bellanet, Vinahópar o.fl.	Forstöðumenn félagsmiðstöðva.	Sept. 20	Maí 21	Áhrif hópavinnu	Fjöldi starfræktra klúbba.
Sjálfsefning	Áhersla á einstaklingsmiðaðar áskoranir hjá börnum með stuðning þar sem einstaklingsáætlun er stöðugt endurmetin.	Einstaklingsmiðuð þjónusta í góðu samráði við ráðgjafaproskapjálfa í Kringlumýri	Forstöðumenn frístundaheimila og félagsmiðstöðva.	Sept. 20	Maí 21	Einstaklingsáætlanir og samantekt á vinnu.	Markviss vinna sem tekur mið af einstaklingsáætlunum og stöðugum framförum.

Læsi og sjálfsefling	Regluleg umræða í samfélaginu um gildi og tilgang gilda getur verið snúinn fyrir börn og unglinga.	Tilraun verði gerð um fræðslu í einni félagsmiðstöð og einu frístundaheimili þar sem farið verður í samstarf við Gunnar Hersvein höfund bókarinnar Heillaspor – Gildin okkar.	Framkvæmdastjóri	Feb 21	Apríl 21	Námskeið hafi farið fram.	Þátttökutölur
Sjálfsefling	Bæta aðstöðu fyrir börn til að þau fái frið frá miklu áreiti s.s. hávaða og birtu er mikilvægt að bæta úr.	Útbúið verði skynjunarherbergi í Fjósinu sem byggir á fyrirmynd úr sumarbúðum fatlaðra í Reykjadal.	Forstöðu- maður Fjóssins	Sept. 20	Maí 21	Lagt verði mat á áhrif aðstöðunnar við yfirferð á einstaklingsáætlunum barna sem þurfa stuðning.	Fjöldi klukkustund sem skynjunarherbergi er í notkun.
Læsi og heilbrigði	Markvissara kynningarstarf á starfsemi frístundamiðstöðvar.	Leggja mat á upplýsingagjöf til aðstandenda á heimasíðum og miðlum hugmyndum að frístundastarfi.	Fjármálastjóri	Sept. 20	Maí 21	Fjöldi uppfærslna pr. mánuð	Upplýsingar séu í samræmi við kröfur í ytra mati
Læsi og heilbrigði.	Markvissara kynningarstarf á starfsemi frístundamiðstöðvar á	Leggja mat á upplýsingagjöf til aðstandenda á Facebook	Fjármálastjóri	Sept. 20	Maí 21	Fjöldi uppfærslna pr. mánuð	Upplýsingar séu í samræmi við kröfur í

		síðum og miðla hugmyndum og miðla hugmyndum að frístundastarfi.					ytra mati
Heilbrigði	Líkamleg heilsa barna	Heilsueflandi frístundaheimili – fylla inn í gátlista fyrir hvert frístundaheimili?	Deildarstjóri barnastarfs	Jan. 21	Maí 21	Skoða fyrirbyggjandi efni	Drög að innleiðingu liggi fyrir á hverjum starfsstað
Heilbrigði	Líkamleg heilsa barna	Innleiðing á heilsueflandi félagsmiðstöð	Deildarstjóri unglingastarfs	Sept. 20	Apríl 21	Gátlisti innleiðingar	Innleiðingu lokið
Félagsfærni og sjálfsefning	Þátttaka barna í 3. – 4. bekk hefur aukist verulega í Töfrasel þar sem viðunandi aðstaða er til staðar. Áfram er nauðsynlegt að skoða hvaða tækifæri aðrir starfsstaðir geta skapað til að koma betur á mótis við börn í aldurshópnum.	Lagt verði mat á hvað hefur vel gengið og hver tækifærin eru.	Deildarstjóri barnastarfs	Jan. 21	Maí 21	Þátttökutölur bornar saman á milli ára og tekið mið af stærð árganga	Frístundaheimiliskönnun og fjöldatölur
Félagsfærni og sjálfsefning	Fjölgun barna í frístundastarfi 5. – 7. bekkjar og þróun á fagstarfi.	Stöðugt lagt mat á hvað það er sem virkar í þátttöku og þjálfun á félagsfærni.	Forstöðumenn	Sept. 20	Maí 21	Þátttökutölur bornar saman á milli ára. Metið verði áhrif	Þátttaka í vetrar- og sumarstarfi fyrir 10-12 ára

						aukningar í vetrarstarfi á sumarstarf.	aukist milli ára.
Sjálfsefning og félagsfærni	Sumarstarf barna 10 – 12 ára er í örum vexti. Tilraunir sumarið 2019 í aukinni opnun skiluðu mikilli aukningu í þátttöku og ánægju foreldra.	Unnið verði markvisst að tryggja lengra þjónustutímabil að sumri fyrir 10 – 12 ára með hugsanlegri aðkomu átaksverkefna.	Deildarstjóri unglingastarfs	Janúar 21	Ágúst 21	Fjöldi vikna í starfi borið við saman við 2018 og 2019.	Þátttökutölur.
Heilbrigði	Efla heilsuvitund barna og unglinga.	Starfræktir verða sértækir hópar í félagsmiðstöðvum sem vinna með heilbrigði í Tíunni og Fókus	Forstöðumenn Tíunnar og Fókus	Sept. 20	Apríl 21	Þátttökutölur í skipulögðu hópastarfi.	Þátttökutölur í skipulögðu hópastarfi.
Læsi og félagsfærni	Aðgengi barna að næðistundum með bók eða bækur á rafrænu formi er takmörkuð.	Farið verði í uppbyggingu á aðstöðu til að koma til móts við þarfir barna á frístundaheimilum til næðis og verður farið af stað í Víðiseli með því að útbúa aðstöðu og kaupum á spjaldtölvum.	Forstöðumaður Víðisels	Sept. 20	Maí 21	Uppbygging og kaup á spjaldtölvum og þátttaka barna.	Þátttökutölur barna í starfinu.
Læsi og félagsfærni	Stöðugt fleiri unglingar sýna tækninýjungum þegar kemur að miðlun mikinn	Skipulagt hópastarfi sem tekur mið af miðlun og læsi og um leið verður	Forstöðumenn Tíunnar, Fókus	Sept. 20	Ágúst 21	Útgefið efni, auglýsingar, hlaðvarp og	Tölur yfir þátttöku.

	áhuga.	unnið markvisst að eflingu félagsstengsla m.a. í Photoshop, Illustrator, Fölmiðlahóp Ársels, Hlaðvarpshópum.	og Holtsins.			annað skapandi efni sem kemur út úr starfinu.	
Sjálfsþing og félagsfærni	Starf á frístundaheimili er góður staður til að kenna börnum samkennd en með því efla þau bæði sjálfstraust og félagsfærni.	Börn fá tækifæri að sýna dýrum umhyggju og virðingu í skipulögðu starfi Fjóssins.	Forstöðumaður Fjóssins	Sept. 20	Ágúst 21	Fjöldi barna sem tekur þátt í starfi með dýrum.	Leggja mat á áhrif dýrahalds í skýrslu um starfsemina.
Félagsfærni og læsi	Á tímum Covid19 faraldursins þurfti að færa allt starf félagsmiðstöðva í nýjan farveg með rafrænum hætti.	Félagsmiðstöðvar Fókus, Holtið og Tían færðu allt starf yfir á rafrænt form þegar takmarkanir vegna sóttvarna voru hertar.	Deildarstjóri unglingstarfs.	Sept. 20	?	Skoða kýrslur um skipulag og þátttöku unglinga í starfinu.	Virgni unglinga í starfinu, fjöldatölur.

2. Stjórnun, staðarbragur og mannauður

Þættir	Áskoranir/markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Látum draumana rætast	Leiðarljós / Kjarni starfsemi Ársels sé skýr fyrir starfsfólki: <i>Þar sem allir skipta máli og geta verið þeir sjálfir.</i>	Allir starfsstaðir kynni vel yfirskrift Ársels fyrir starfsmannahópnum.	Forstöðumenn	Sept. 20	Maí 21	Aðferðir starfsstaða við að kynna fyrir starfsfólki.	Til hvaða aðgerða var gripið til innleiðingar.
Fagmennska	Leiðarljós / Kjarni og gildi í starfsemi Ársels sé skýr.	Auka kynningarefni með slagorði með kaupum á hálsböndum með slagorðinu og gildum.	Deildarstjóri unglingastarf	Sept. 20	Nóv 20	Fjöldi starfsmanna sem fengu hálsband og sýnileiki.	Starfsfólk tileinki sér gildi og kjarnann.
Famennska	Lagt verði mat á leiðarljós/kjarna í starfi Ársels og hvort það þurfi að fara fram endurmat. <i>Þar sem allir skipta máli og</i>	Manino ráðgjöf leiði vinnu við mat á kjarnanum.	Framkvæmdastjóri	Janúar 21	Mars 21	Samantekt af vinnudegi.	Niðurstaða starfsdags.

	<i>geta verið þeir sjálfir.</i>						
Fagmennska	Skipulag á vinnu vegna starfsáætlunar þarf að vera með markvissari hætti.	Fengin verði utanaðkomandi aðili til að stýra vinnunni. Skoðað verði að fjármagna það með aðstoð stofnanastyrk Sameykis.	Framkvæmdastjóri	Jan 21	Júní 21	Tímalína vinnuplans	Starfsáætlun liggja fyrir á áætluðum skiladegi og sé gott vinnutæki fyrir starfsfólk og stjórnendur.
Fjölbreytt og skemmtilegt	Ársel sé spennandi valkostur sem framtíðarstarfsstaður. Auka jákvæðni leik— og lífsgleði hjá starfsfólki.	Súpa fyrir allt starfsfólk ca. 8 sinnum yfir vetrartíman	Framkvæmdastjóri og deildarstjórar	Sept. 20	Maí 21	Fjöldi skipta og þátttaka	Súpa hafi farið fram að lágmarki 7 sinnum
Mannauður	Stjórnendur standa reglulega frammi fyrir áskorunum sem felst í gerð samninga við samstarfsaðila.	Fræðsla upp úr bókinni Samningatækni.	Framkvæmdastjóri	Feb 21	Mars 21	Fræðsludagur	Þátttaka í fræðsludegi.
Fagmennska	Skýra þarf betur upp samstarf starfsstaða frístundarmiðstöðvar við grunnskóla með samningum.	Samstarfssamningar við grunnskóla á þjónustusvæði verði undirritaður á starfsárinu.	Framkvæmdastjóri og forstöðumenn	Sept. 20	Apríl 21	Efnisatriði í samstarfssamningum.	Fjöldi undirritaðra samninga.

Fagmennska	Greining og aðgerðaráætlun á upplýsingaflæði til starfsmanna á tímum Covid19.	Lagt verður mat á upplýsingaflæði til starfsmanna og hvað getur nýst úr veirufaraldrinum til framtíðar.	Framkvæmdastjóri og deildarstjórar	Sept. 20	Feb 21	Stöðumat á upplýsingagjöf.	Aðgerðaráætlun liggja fyrir um ferli upplýsingagjafar
Jöfnuður	Húsnæðismál og aðstaða frístundaheimila og félagsmiðstöðva við Sæmundarskóla og Ingunnarskóla.	Úttekt vegna húsnæðismála unglingastarfs og barnastarfs. Umbótaáætlun unnin.	Framkvæmdastjóri	Sept. 20	Mars 21	Umbótaáætlun skoðuð með skrifstofustjóra frístundamála og fulltrúum USK.	Áætlun um framtíðaraðstöðu liggja fyrir.
Mannauðsmál	Auka svarhlutfall í starfsmannakönnun	Upplýsingagjöf í gegnum stjórnendafundi og samskiptamiðla	Deildarstjórar	Janúar 21	Mars 22	Svarhlutfall á milli ára 2020 og 2021	Hlutfall svarenda á milli ára 2020 – 2021 aukist.
Mannauðsmál	Breytt fundafyrirkomulag á tímum Covid19 og áhrif á skipulag til framtíðar.	Utanaðkomandi stuðningur við endurskipulagningu á fundafyrirkomulagi s.s. rafrænir fundir, staðfundir o.fl.	Framkvæmdastjóri	Febrúar 21	Júní 21	Samantekt af vinnu og áhrif á breytt skipulag	Nýjar aðferðir verða hluti af vinnustaðamenningu með sameiginlegum skilning.
Mannauðsmál	Áhugi stjórnenda Ársels á framhaldi fræðslustarfs með	Manino ráðgjöf verði fengin í áframhaldandi vinnu með stjórnendum	Framkvæmdastjóri	Jan 21	Júní 21	Fræðsludagar og samantekt á breyttu skipulagi.	Skipulag liggja fyrir.

	Manino til frekari innleiðingar á hugmyndafræði.	og taki sérstaklega fyrir stuðning við nýja stjórnendur í hópnum sem ekki hafa innsýn í hugmyndafræði.					
Mannauðsmál	Efla samheldni stjórnenda	Námsferð erlendis á árinu 2021	Ferðanefnd	Jan 21	Ágúst 21	Viðhorfskönnun starfsmanna	Pátttaka í námsferð
Mannauðsmál	Fjárhagslegur stuðningur frístundamiðstöðvar við starfsmannafélag Ársels.	Gera áætlun um stuðning Ársels við viðburði á vegum starfsmannafélagsins.	Fjármálastjóri	Okt 20	Feb 21	Skoða hvort áætlun um viðburði á hverju starfsári og fjárhagsstuðning við félagið liggi fyrir.	Skýrari sýn á aðkomu frístundamiðstöðvar.
Húsnæði og starfsumhverfi starfsmanna	Úttekt á aðstöðu starfsmanna með tilliti til krafna Vinnueftirlits um aðstöðu s.s. salerni, kaffiaðstaða o.fl.	Úttekt Vinnueftirlits á aðstöðu starfsmanna.	Framkvæmdastjóri	Mars 21	Maí 21	Úttekt Vinnueftirlits.	Samantekt á stöðu og markmið um aðgerðir til 3 ára.
Húsnæði og starfsumhverfi	Viðhaldspörf Holtsins	Gerð verði úttekt á viðhaldspörf Holtsins og gerð áætlun um endurbætur á gólfi. Fagaðili fengin til að koma með tillögur að lagfæringu	Framkvæmdastjóri	Sept. 20	Des 20	Yfirfara tillögur	Tillögur um framkvæmdir og endurnýjun liggi fyrir

		á steinteppi og yfirferð á viðhaldspörf húsnæðis					
Húsnæði og starfsumhverfi	Meta rýmisþarfir fyrir starfsemi frístundaheimila	Gerð verði úttekt á húsnæði með tilliti til rýmisþarfa frístundaheimila	Forstöðumenn	Jan 21	Apríl 21	Núverandi rými borið saman við rýmisþarfir frístundaheimila	Samantekt á hverjum starfsstað liggi fyrir
Húsnæði og starfsumhverfi	Meta rýmisþarfir fyrir starfsemi félagsmiðstöðva	Gerð verði úttekt á húsnæði með tilliti til rýmisþarfa félagsmiðstöðva	Forstöðumenn	Jan 20	Apríl 20	Núverandi rými borið saman við rýmisþarfir félagsmiðstöðva	Samantekt á hverjum starfsstað liggi fyrir
Húsnæði og starfsumhverfi	Meta rýmisþarfir fyrir starfsemi frístundamiðstöðvar	Gerð verði úttekt á húsnæði með tilliti til rýmisþarfa frístundamiðstöðvar	Framkvæmdastjóri	Jan 20	Apríl 20	Núverandi rými borið saman við rýmisþarfir frístundamiðstöðva	Samantekt fyrir frístundamiðstöðina liggi fyrir

Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

Frístundamiðstöðin Ársel er með ýmis þróunarverkefni í vinnslu. Verkefni sem fengu brautargengi í þróunarsjóð A og munu koma til framkvæmdar á starfsvetrinum 2020 – 2021 og sumar 2020.

Skynjunarherbergi í Fjósínu - Lítið rými sem mun nýtast til að skapa frið og ró þar sem einstaklingur fær hvíld frá hávaða og mikilli birtu. Fyrirmynd af verkefninu er í Reykjadal sumarbúðum fatlaðra barna.

Heilbrigður lífsstíll 10 – 12 ára í Fókus – Markmið matarklúbbsins er að stuðla að heilbrigðu mataræði sem verður framkvæmt með verklegri og munnlegri fræðslu um heilbrigða orkugjafa úr fæðunni.

Félagsmiðstöðvarstarf fyrir börn 10 – 12 ára alla virka daga í Tíunni – Það hefur löngum verið talin þörf að auka og bæta við starf barna á aldrinum 10 – 12 ára en tónstundir eru vettvangur fyrir óformlegt nám á sviði félagslegrar og lýðræðislegrar þátttöku og virkni og þróun sjálfsmyndar.

Vinabönd í Holtinu – Unnið markvisst með auka samskiptafærni, styrkja sjálfsmyndina og sjálfstraust sem mun leiða af sér aukna vellíðan.

Fjölmiðlahópur Ársels – starfræktur í Holtinu. Fjölmiðlaskólinn í Holtinu en þar vinna ungmenni úr Vinnuskólanum saman og fá fræðslu og reynslu af fjölmiðlalæsi, ritun fréttu og pistla, myndbandsgerð og hlutverk samfélagsmiðla.

Loppupal virkni með dýrum í Fjósínu. Rannsóknir sýna að dýr geta haft mikil áhrif á líkamlegt sjálfstæði barna og tilfinningalegrar vellíðunar sem og veitir tækifæri til fræðslu, afþreyingar og hvatningar og vinnur gegn streituþenslu og óþægindum. Börn fá tækifæri að eiga samveru með dýrum, sýna þeim umhyggju og gæta að velferð þeirra.

Hlaðvarp Tíunnar – Mikilvægt að skapa spennandi og áhugavert hópastarf þar sem þátttakendur fá tækifæri til að vinna með sjálfstraust í gegnum sjálfsstæð vinnubrögð og efla félagstengsl í gegnum hópastarfið.

Photoshop og Illustrator námskeið í Tíunni – Virkja börn og unglinga í sköpun, lýðræðislegri vinnu í gegnum hópastarf og nýta sér nútímataækni til að vinna með skapandi greinar.



Útivistarklúbbur Tíunnar – Hugmynd frá unglingahópnum að koma af stað útivistarklúbb sem spennandi og áhugavert frístundastarf. Unnið verður meðal annars með að fræðast um náttúru Íslands og fara út og gera nýja, skemmtilega og þroskandi hluti í góðum félagskap.

Stráka Selfie – Strákar eiga að geta tjáð tilfinningar sínar án þess að fá gagnrýni fyrir það. Mikilvægt er að byggja upp sjálfsmynd drengja svo þeir geti stigið up og verið jákvæðir leiðtogar og þar með haft betri áhrif á hópinn sem þeir tilheyra og/eða hafa styrktinn til að stíga til hliðar.

Rafíþróttaklúbbur MysterII í Holtinu – Helsta markmið með hópastarfi þar sem til grundvallar eru rafíþróttæfingar er að vinna gegn félagslegri einangrun. Hluti af starfi klúbbsins er að kynnst öðru starfi félagsmiðstöðvarinnar og eiga þá tækifæri til að tengjast öðrum félagslega.

9. bekkjar klúbbur í Holtinu – markvisst starf sem hefur það að megin markmiði að efla einstaklinga í 9. bekk þegar kemur að félagsfærni meðal annars að styrkja þau í að vera jákvæðir leiðtogar.

Lestarahorn Hildar og Siggú í Víðiseli – Útbúa lestrarhorn fyrir börn með góðri blöndu af spjaldtölvum og bókum þar sem tækifæri er til að hafa rólega stund. Hluti barna í Víðiseli er með annað móðurmál en íslensku og gefst þeim tækifæri til að efla læsi í lestrarhorninu með stuðning frá starfsmönnum. Mikilvægt er að skapa aðstöðu fyrir læsi en það eflir sjálfstraust með því að efla hæfni í að skilja texta og geta túlkað það sem við lesum á gagnrýnan hátt.

Bellenet Fókus. Markmið að vera unglingum bæði forvörn og sjálfsefning. Við vinnum að því að efla sjálfsmynd unglinganna, auka umburðarlyndi þeirra og samhygð gagnvart öðrum í gegnum fjölbreytt umræðuefni og skemmtileg verkefni. Hópurinn býr til sínar eigin reglur og í kjölfarið trúnaðarsamning sem allir í hópnum skrifa undir og virða.

Samstarf

Frístundamiðstöðin Ársel á í samstarfi við Árbæjarskóla, Ingunnarskóla, Sæmundarskóla, Dalskóla, Norðlingaskóla, Selásskóla og Ártúnsskóla. Ljúka þarf við gerð samninga milli frístundamiðstöðvar og grunnskóla í hverfinu sem ramar inn samstarfið. Jafnframt er unnið markvisst að forvarnarmálum í samstarfi við þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts og lögreglunni. Samstarf við aðrar borgarstofnanir eins og Árbæjarlaug eru mjög gott. Á árinu hefur verið lögð áhersla á að koma á góðu samstarfi við félagasamtök s.s. íþróttafélagið Fylki og Skátana. Stefnt er að því að gera enn betur þegar kemur að samstarfi við Fram vegna Úlfarsárdals og Grafarholts.



Jafnréttisáætlun

Markmið jafnréttisáætlunar er að starfstöðvar Ársels starfi lýðræðislega þar sem stjórnendur og aðrir starfsmenn koma að. Stjórnendur og starfsfólk frístundamiðstöðvarinnar bera sameiginlega ábyrgð á að jafnrétti er framfylgt hvarvetna og ekki sé brotið í bág við jafnréttislög. Jafnréttisáætlunin er leiðarljós starfsmanna og er ætla að auka skilning milli starfsmanna og vinnuveitanda. Með jafnréttisáætlun uppfyllir Ársel skyldu sína skv. jafnréttislögum nr. 10/2008 og styrkir þannig traust, samvinnu og metnað meðal starfsmanna og barna í frístundastarfi.

Jafnréttisnefnd Ársels

Nefnd er skipuð einum fulltrúa skrifstofu, einum fulltrúa barnastarfs og einum fulltrúa unglingastarfs. Megin hlutverk nefndarinnar er að gæta þess að jafnréttisáætlun er fylgt eftir og stuðla að frekari innleiðingu jafnréttisverkefni á starfsstöðum Ársels. Nefndin fundar a.m.k. þrisvar sinnum að ári; september, janúar og í maí.

Launajafnrétti

Konum og körlum skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Konum og körlum eru greidd jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf.	Á frístundaheimilum skal jafna kynjahlutfall í störfum frístundaleiðbeinanda með umsjón. Bjóða öllum starfsmönnum þá yfirvinnu sem í boði er.	Framkvæmdastjóri, deildarstjórar og forstöðumenn	Allt árið

Auglýsingar, stöðuveitingar og endurmenntun

Vinnuaðstæður skulu taka mið af þörfum beggja kynja. Þess skal gætt að mismuna ekki starfsfólki eftir kynferði við úthlutun verkefna, við tilfærslu í starfi, við að axla ábyrgð eða við önnur tækifæri sem almenn starfsþróun býður upp á. Bæði kyn skulu njóta sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar, hafa þannig tækifæri til þess að sækja námskeið og fræðslu til þess að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings öðrum störfum.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Laus störf standi bæði konum og körlum til boða.	Allar lausar stöður skulu auglýstar.	Framkvæmdastjóri, deildarstjórar og forstöðumenn.	Allt árið
Konur og karlar sem vinna sambærileg störf skulu hafa jafnan aðgang að starfsþjálfun og endurmenntun.	Þjóða öllum að fá sömu fræðslu. Árleg greining eftir kynjum þátttakenda og fyrirlesara.	Framkvæmdastjóri, deildarstjórar og forstöðumenn.	Allt árið

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Jafna kynjahlutfallið í starfsmannahópnum	Ráða inn í ný störf með áherslu á það kyn sem hallar á í starfsmannahópnum	Forstöðumenn og deildastjórar	Allt árið

Samræming starfs og einkalífs

Ársel býður starfsfólki sveigjanlegan vinnutíma og hlutastörf að ákveðnu marki svo að

samræma megi sem best einkalíf, fjölskylduábyrgð og starf. Væntingar eru bundnar við innleiðingu á styttingu vinnuviku munu nýtast öllum starfsmönnum til að samræma betur starf og einkalíf. Bæði kynin eru hvött til þess að nýta sér fæðingarorlof og eru foreldrar hvattir til að skipta með sér heimaveru vegna veikinda barna á jafnréttisgrundvelli.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Bæði kyn eru hvött til þess að samræma einkalíf, fjölskyldulíf og starf.	Árlega kynning á þessum réttindum og skyldum starfsmanna.	Framkvæmdastjóri, deildarstjóri og forstöðumenn	Allt árið

Einelti og kynferðislegt áreitni

Áreitni, hvort heldur sem er kynferðisleg eða einelti er ekki liðin á starfstöðum Ársels. Gripið skal undantekningarlaust til viðeigandi aðgerða ef slíkt gerist. Allt starfsfólk ber sameiginlega ábyrgð að áreitni eigi sér ekki stað.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Einelti og kynferðisleg áreitni er ekki liðin.	Unnið er samkvæmt vinnureglum þegar slíkt kemur upp.	Framkvæmdarstjóri, deildastjórar og forstöðumenn	Allt árið
Starfsmenn fá fræðslu um einelti og kynferðislegt áreitni	Allir starfsmenn fá kynningu á fræðslubæklingnum um einelti og kynferðislegu áreitni sem gefin hefur verið út af Reykjavíkurborg	Allir stjórnendur	Vorönn 2021

Þjónustuhlutverk

Börn skulu eiga jafnan aðgang að frístundastarfi Ársels óháð aðstæðum sínum, uppruna, tungumáli og kyni. Allt starfsfólk Ársels ber sameiginlega ábyrgð.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Börn skulu eiga jafnan aðgang að frístundastarfi	Greining á þátttakendum	Framkvæmdastjóri, deildarstjóri og forstöðumenn	Að hausti og vor
Börn og unglingar fá fræðslu um jafnréttismál	Félagsmiðstöðvar standi fyrir fræðslu í kynjafræði Hver félagsmiðstöð vinni a.m.k eitt verkefni á ári sem snýr að jafnrétti kynjanna.	Deildastjóri unglingasviðs og forstöðumenn	Veturinn 2020-2021
Að viðfangsefni mismuni ekki kynjunum	Að vinna verkefni og dagskráliði með börnum og unglingum þar sem gætt er að ýta ekki undir staðalímyndir	Forstöðumenn félagsmiðstöðva og frístundaheimila	Allt árið
Kynjasamþættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í frístundastarfi	Frá börnum og unglingum til framkvæmdarstjóra skal ávallt lögð áhersla á að jafna stöðu og áhrif kynjanna.	Framkvæmdarstjóri, deildastjórar og forstöðumenn	Allt árið

Koma í veg fyrir að börn og unglinga verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegu áreitni í frístundastarfi	Bregðast strax við ef umræða eða verkefni stuðla að óheilbrigðri umræðu og/eða hegðun.	Forstöðumenn frístundaheimila og félagsmiðstöðva	Allt árið
--	--	--	-----------

Samstarf heimilis og frístundar

Frístundamiðstöðin hvetur til jafnrar þátttöku beggja foreldra

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Starfsfólk frístundastarfsins útiloki ekki annað foreldrið á grundvelli kyns, stöðu, efnahags, uppruna eða forsjár.	Að starfsmenn frístundaheimila og félagsmiðstöðva verði í samskiptum við báða foreldrana eins og mögulegt er	Forstöðumenn frístundaheimila og félagsmiðstöðva	Allt árið